



Sjúkraliðafélag Íslands

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. janúar 2009

Alþingi
Erindi nr. P 136/630
komudagur 6.1.2009

Efni: frumvarp til laga um rafrænar sjúkraskrár

Sjúkraliðafélag Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um rafrænar sjúkraskrár. Félagið styður þau lagaákvæði sem frumvarpuð felur í sér nái það fram að ganga.

Athugasemdir eru þó gerðar við að í grein 5, 13 og 18 kemur fyrir orðið heilbrigðisvísindi. Svo virðist með þessu að verið sé að girða fyrir það að nemendur annarra heilbrigðisstétta geti ekki fært upplýsingar í sjúkraskrár. Félagið telur þetta ekki samræmast því að heilbrigðisstéttir koma einnig úr framhalds-og verkmenntaskólum. Má m.a. benda á í þessu sambandi læknaaritara.

Einnig er geð athugasemd við 21. greinina

Í greininni er kveðið á um rétt sjúklings til að takmarka aðgang að sjúkraskrárupplýsingum um sig í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi. Samkvæmt 1. mgr. getur sjúklingur eða umboðsmaður hans lagt bann við því að sjúkraskrárupplýsingar um hann í sameiginlegu sjúkraskrárkerfi séu aðgengilegar, að hluta eða öllu leyti, utan þeirrar heilbrigðisstofnunar eða starfsstofu heilbrigðisstarfsmanna þar sem þær eru færðar. Ekki gæti samræmis á því þegar sjúklingur getur hvenær sem er tekið bann sitt til baka. Sama orðalag er ekki viðhaft þegar sjúklingur getur takmarkað aðgang sinn, eða eins og segir í greininni "lagt bann við upplýsingar í sameiginlegt sjúkraskrárkerfi. Þarna er ekki kveðið á um hvenær sem er .

Fyrir hönd Sjúkraliðafélags Íslands

Kristín Á. Guðmundsdóttir

Kristín Á. Guðmundsdóttir,

formaður Sjúkraliðafélags Íslands